



ÁRSSKÝRSLA / ANNUAL REPORT 2009



Íslandspóstur hf



- 2009 Nýtt pósthús opnar á Sauðárkróki
Ný póstafréiðsla opnar við Strandgötu á Akureyri
IPC vottun á verkferlum í Póstmiðstöð
- 2008 Íslandspóstur fagnar 10 ára starfsafmæli
Nýtt pósthús opnar á Akranesi
Endurbætur á pósthúsi í Reykjanesbæ
Endurbætur á póstafréiðslu í Ólafsvík
Nýr vefur, www.postur.is, fer í loftið
Nýjar vörur settar á markað, persónuleg skeyti og frímerki
- 2007 Ný pósthús opnuð á Húsavík, Reyðarfirði og í Stykkishólmi
Ný dreifingarstöð opnar í Síðumúla
Starfsemi Íslandspósts fær gæðavottun samkvæmt ISO9001 staðlinum
- 2006 16 kjarnasvæði skilgreind á landinu, 92% heimila eru á þessum svæðum
Samstarfi við Nóatún um rekstur póstafréiðslna lýkur
Íslandspóstur opnar tíu póstafréiðslur á höfuðborgarsvæðinu
Þjónustuvefur fyrirtækja fer í loftið
- 2005 Íslandspóstur kaupir skeytaþjónustu Landssímans
Ný dreifingarstöð opnar í Hafnarfirði
Íslandspóstur fær 1. verðlaun PostEurop fyrir Evrópufrímerki ársins, Matargerðarlist
Kortavefur Póstsins lítur dagsins ljós
- 2004 Póstmiðstöð á Akureyri flytur í nýtt húsnæði
Ný þjónusta í boði fyrir fyrirtæki, Samdægursþjónusta
- 2003 Samstarf hefst við Nóatún um rekstur póstafréiðslna á höfuðborgarsvæðinu
Heilsupósturinn hefur göngu sína
- 2002 Póstminjasafn er opnað á Samgöngusafninu á Skógum
- 2001 Ný og öflug póstflokkunarvél tekin í notkun
Póstþjónusta í dreifbýli aukin úr þriggja daga þjónustu í fimm daga
Fyrsti metan bíllinn tekinn í notkun
Póststöð, rafræn fylgibréf í boði fyrir fyrirtæki
- 2000 Aðalskrifstofur Íslandspósts flytja úr Pósthússtræti að Stórhöfða
Heimkeyrsla hefst á pökkum
- 1999 Póstmiðstöð að Stórhöfða 32 í Reykjavík tekin í notkun
Íslandspóstur og Þjóðminjasafnið gera samstarfssamning um varðveislu póstminja
- 1998 Nýtt upplýsingakerfi, SAP, tekið í notkun
Starfsemi hefst í póstmiðstöð á Akureyri
Starfsmannafélagið varð til á fjölmönnum stofnfundi
Stofnun Íslandspósts

Efnisyfirlit



4	Lykiltölur
5	Ársskýrsla 2009
6	Ávarp forstjóra
9	Íslandspóstur
12	Breytt starfsumhverfi, auknar kröfur
15	Vinnustaðurinn
18	Pappír í sátt við náttúruna
20	Pósturinn fyrir fyrirtæki
26	Pósturinn fyrir heimilin
33	Ársreikningur
35	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra
36	Áritun endurskoðenda
37	Rekstrarreikningur ársins 2009
38	Efnahagsreikningur 31. desember 2009
39	Eiginfjáryfirlit 2009
40	Sjóðstreymisyfirlit ársins 2009
41	Skýringar
58	Iceland Post
60	Annual report
61	Endorsment and statement by the Board of Directors and the Managing Director
62	Auditor's report
63	Income statement for the year 2009
64	Balance sheet December 31, 2009
65	Statement of changes in equity for the year 2009
66	Statement of cash flows for the year 2009
67	Notes

Lykiltölur

	2009	2008	2007
TEKJUR			
Rekstrartekjur	6.427.249	6.672.987	6.251.924
GJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	3.357.363	3.660.664	3.505.340
Annar rekstrarkostnaður	2.529.364	2.490.468	2.183.780
Rekstrargjöld samtals	5.886.727	6.151.132	5.689.120
Hrein fjármagnsgjöld	(137.551)	(137.539)	(21.953)
Afskriftir	(274.212)	(290.724)	(266.613)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	128.759	93.592	274.238
Tekjuskattur	(36.453)	(14.699)	(43.797)
Hagnaður ársins	92.306	78.893	230.441
KENNITÖLUR			
Veltufjárlutfall	2,26	2,29	1,63
Eiginfjárlutfall	0,51	0,53	0,60
Innra virði hlutafjár	1,80	1,79	1,80
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)			
í hlutfalli af heildartekjum	8,4%	7,8%	9,0%
Rekstrarhagnaður (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum	4,1%	3,5%	4,7%
Arðsemi eigin fjár	3,7%	3,1%	9,1%



Ársskýrsla 2009



Sótt á brattann

Með hruni íslenskra fjármálafyrirtækja og erfiðu efnahags-umhverfi víða um heim reyndist árið 2009 íslensku atvinnulífi erfitt. Íslandspóstur fór ekki varhluta af því og var fyrri hluti ársins sérstaklega þungur undir fæti. Mikill samdráttur varð í magni bréfa og böggla þegar á 4. ársfjórðungi 2008 og hélt samdrátturinn áfram á árinu 2009. Tekjur Íslandspósts drógust saman um 4% milli áranna 2008 og 2009. Þótt verulegt átak hafi verið gert til hagræðingar í rekstri, þá hefur það engan veginn dugað til þess að mæta þeirri arðsemiskröfu sem fyrirtækinu er ætlað að standa undir og nemur um 10% af eigin fé.

Íslandspóstur stóð á hinn bóginn nokkuð vel að vígi gagnvart erfiðum rekstrarskilyrðum. Skuldsetning fyrirtækisins hefur verið hófsöm og því var greiðslustaða þess mjög ásættanleg á nýliðnu ári. Þrátt fyrir umtalsverðar hækkanir á aðföngum hefur tekist að komast hjá hækkunum á gjaldskrá í einkarétti, en því veldur fyrst og fremst góður árangur í umfangsmiklum aðhaldsaðgerðum. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn hafa lagt sig fram um að ná niður kostnaði á ýmsum sviðum rekstrar og má glögglega sjá þess merki í öllum deildum fyrirtækisins. Þannig tókst að lækka kostnað á árinu 2009 til samræmis við minnkandi tekjur, og er sérstök ástæða til þess að þakka þann mikla árangur, sem náðst hefur að því leyti.

Í ljósi aðstæðna var nokkuð dregið úr endurbótum og framkvæmdum við starfsstöðvar Íslandspósts á árinu 2009. Engu að síður var nýtt pósthús tekið í notkun á Sauðárkróki í maímánuði og póstaþgeiðslan á Akureyri var flutt í nýtt húsnæði við Strandgötu

í ágústmánuði. Á síðari hluta ársins hófst undirbúningur endurbóta á póstmíðstöðinni á Akureyri og dreifingarstöð við Fossaleyni í Reykjavík og er fyrirhugað að þeim endurbótum ljúki um mitt sumar 2010. Þessar framkvæmdir eru í samræmi við fyrri áætlanir stjórnar Íslandspósts um uppbyggingu starfsstöðva fyrirtækisins í meginbyggðakjörnum landsins. Markmið þeirra er að bæta aðstöðu fyrir viðskiptavinum og starfsmenn Íslandspósts og stuðla þar með að enn frekari hagræðingu í rekstri.

Framundan eru enn blíkur á lofti. Spáð er áframhaldandi magnminnkun á árinu 2010, sem óhjákvæmilegt verður að bregðast við með endurskipulagningu á dreifikerfi og frekari hagræðingu í rekstri. Við afnám einkaréttar í ársbyrjun 2011 á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g verður auk þess að gera ráð fyrir enn meiri magnminnkun, sem þá mun að líkindum kalla á frekari breytingar á dreifingu og rekstri. Stjórnendur Íslandspósts hafa unnið að undirbúningi þessara beytinga um misseraskeið og hefur þeim þegar verið og mun verða mætt með breytingum á vöruframboði og dreifingu eftir því sem tilefni verða til.

Íslandspóstur hefur frá stofnun fyrirtækisins annast einkarétt ríkisins á póstpjónustu. Í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins hefur einkarétturinn verið takmarkaður á undanfönum árum og nær hann nú til áritaðra bréfa undir 50 g. Samhliða einkaréttinum hvílir sú skylda á Íslandspósti að sjá um móttöku og dreifingu áritaðra bréfa allt að 2,0 kg og þakka allt að 20 kg um land allt og er tekjum af einkarétti að hluta ætlað að standa undir þeim kostnaði, sem þeirri þjónustu fylgir. Þannig stendur einkarétturinn

Spáð er áframhaldandi magnminnkun á árinu 2010, sem óhjákvæmilegt verður að bregðast við með endurskipulagningu á dreifikerfi og frekari hagræðingu í rekstri. Við afnám einkaréttar í ársbyrjun 2011 á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g verður auk þess að gera ráð fyrir enn meiri magnminnkun, sem þá mun að líkindum kalla á frekari breytingar á dreifingu og rekstri.

undir móttöku og dreifingu á bréfum og pökkum, sem eru utan einkaréttar, til og frá þeim svæðum, þar sem kostnaður við pósthöndlun er meiri en almenn burðargjöld standa undir. Í umræðu um samkeppnisforskot Íslandspóst og meinta misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu gleymist gjarnan að setja þessi réttindi og skyldur í samhengi. Auk alþjónustuskuldunnar ber Íslandspósti að þróa þjónustu fyrirtækisins í takt við tækni-, hagræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda eins og segir í 6. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

Í vinnu við stefnumótun Íslandspóst fyrir árin 2007-2011, sem unnin var á árinu 2006, voru settar fram tillögur um gildi fyrirtækisins og stefnumarkandi aðgerðir í fimm meginliðum. Stjórn Íslandspóst samþykkti tillögurnar á fundi sínum þann 8. september 2006, en þær kveða á um að gildi Íslandspóst skuli byggja á Trausti, Vilja og Framsækni og að stefnumarkandi áherslur skuli taka mið af nánari kröfum um (i) arðsemi, (ii) vöxt, (iii) markað, (iv) þjónustu og (v) innri starfsemi. Var meðal annars við það miðað, að samhliða minnkun markaðshlutdeildar einkaréttarbréfa yrði leitast við að sækja fram á öðrum sviðum og vinna þannig gegn verulegum tekjusakrætti og fækkun starfa í fyrirtækinu, allt innan takmarka þeirra laga og reglna, sem um fyrirtækið gilda, sem og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga, þar sem við á.

Stefnumótun 2007-2011 var tekin til endurmats á árinu 2009 og var hún samþykkt með nokkrum textabreytingum á fundi stjórnar Íslandspóst þann 30. október 2009 sem stefnumið fyrirtækisins fyrir árin 2010-2014. Með almennum samdrætti í bréfanotkun,

sérstakri magnminnkun vegna efnahagssamdráttar í heiminum og fyrirsjáanlegum breytingum í bréfadreifingu hér á landi við afnám einkaréttar í ársbyrjun 2011 má gera ráð fyrir verulegum samdrætti í hlutdeild Íslandspóst á markaði einkaréttarbréfa. Því þarf að mæta með lögskyldri þróun pósthjónustunnar sem og innri og ytri vexti á öðrum sviðum. Í þeim efnum hefur verið horft til viðtækra þjónustu pósthjónutækja í Evrópu og víða um heim, þar sem miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum. Er að því stefnt, að frekari nýmæli í þeim efnum verði kynnt á árinu 2010.

Sérstök ástæða er til þess að þakka starfsmönnum Íslandspóst framúrskarandi árangur við erfiðar aðstæður á árinu 2009. Með samstilltu átaki var gengið á brattann. Rekstrarniðurstaða ársins 2009 gefur ótvírætt til kynna, að lengra hafi náðst en að var stefnt í upphafi árs. Það skapar svigrúm til þess að takast á við erfið rekstrarskilyrði á árinu 2010 og styrkja stöðir fyrirtækisins á komandi misserum. Viðskiptavinum öllum þakka ég hollustu og ánægjuleg samskipti og heiti því, að starfsmenn Íslandspóst muni hér eftir sem hingað til leggja metnað sinn í að veita þeim trausta og góða þjónustu.

Ingimundur Sigurpálsson
forstjóri



Stjórn Íslandspósts

Björn Jósef Arnviðarson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, *varaformaður stjórnar*
Jón Ingi Cæsarsson, Guðmundur Oddsson, *formaður stjórnar*
Ellert Kristinsson, Petrína Baldursdóttir, Helga Vala Helgadóttir



Framkvæmdastjórn Íslandspósts

Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri pósthúsasviðs
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
Helga Sigríður Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs
Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri
Tryggvi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Íslandspóstur

Fjármálaráðuneytið fer með hlutabréf Íslandspósts og er fyrirtækið hlutafélag í fullri eigu íslenska ríkisins. Póstmál á Íslandi falla undir Samgönguráðuneytið og Póst- og fjarskiptastofnun, sem er undirstofnun ráðuneytisins, sér um eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga um póstpjónustu. Póstlög og reglugerðir sem á þeim byggja eru sett á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins um póstpjónustu.

Hlutverk stjórnar

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin tekur ákvarðanir um meginþætti í starfsemi og skipulagi félagsins og önnur meiriháttar málefni er varða rekstur þess, mótar stefnu félagsins og gefur fyrirmæli um framkvæmd hennar. Stjórnin hefur eftirlit með daglegum rekstri félagsins og sér til þess að skipulag félagsins sé í réttu og góðu horfi.

Stjórn félagsins skal á hverjum tíma sérstaklega láta til sín taka skipulagsmál félagsins, innra eftirlit þess, fyrirkomulag reikningsskila, fjárhagsáætlanir og tölvukerfi. Nær þetta m.a. til eftirlits með fjárhag félagsins á hverjum tíma, eftirlits með rekstraráætlunum, fjárhagsáætlunum, fjárstreymi, svo og sérstökum áhættuþáttum í rekstri félagsins.

Hlutverk framkvæmdastjórnar


Framkvæmdastjórn stjórnar daglegum rekstri félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Framkvæmdastjórn hefur með höndum yfir framkvæmdastjórn allrar daglegrar starfsemi félagsins, hefur ákvörðunarvald um öll rekstrarleg og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Hún skal vinna að stefnumótun og áætlunum um eflingu félagsins og leita jafnframt nýrra leiða til að bæta hag þess.


Dótturfyrirtæki

Íslandspóstur á og rekur fyrirtækið Samskipti sem starfar á sviði prent- og samskiptalausna. Fyrirtækið var keypt árið 2006 og hefur síðan verið unnið að uppbyggingu þess. Íslandspóstur á einnig hlut í fyrirtækjunum Modernus, sem veitir ýmsa þjónustu tengda internetinu, og Vörusjá sem vinnur í að koma á fót rafrænu markaðstorgi og vefverslun.

Alþjóðasamstarf

Íslandspóstur á í samskiptum við og er aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum á sviði póstpjónustu. Fyrst ber að nefna Alþjóðapóstbandsandið (UPU) en samningar og reglur UPU gilda fyrir póstflutninga milli landa. Þá er Íslandspóstur aðili að samtökum póstfyrirtækja með alþjónustuskýldu í Evrópu (PostEurop) er sinna verkefnum sem lúta m.a. að framkvæmd pósttilskipunar ESB og því að efla gæði póstpjónustu í Evrópu. Íslandspóstur er hluthafi í International Post Corporation (IPC) sem er framarlega á sviði gæðamælinga og tæknilegra úrlausna er snúa að póstflutningum milli landa. Þá er löng hefð fyrir norrænu samstarfi í gegnum Norræna póstsambandið (Nordisk Postforening).







Hlutverk

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna, svo og á öðrum sviðum sem tengjast þeirri starfsemi.

Markmið

Að vera fyrsti valkostur viðskiptavina í bréfa- og vörudreifingu.
Að vera í fararbroddi sem fyrirtæki á sínu sviði.
Að vera eftirsóttur og framsækinn vinnustaður.
Að skila eigendum viðunandi arðsemi.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn Íslandspósts er að vera framsækið og öflugt fyrirtæki í bréfa- og vörudreifingu, með því að annast áreiðanlega og örugga þjónustu um allt land og allan heim, sem byggir á viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Jafnframt því mun Íslandspóstur vinna að arðbærum vexti með hagsmuni viðskiptavina, starfsmanna og eigenda að leiðarljósi.

Pósturinn tryggir tengslin

Breytt starfsumhverfi, auknar kröfur

Íslandspóstur er í eigu allra Íslendinga. Það er hlutverk starfsmanna félagsins að skila eigendum sínum arði og að viðhalda virði fyrirtækisins. Það er gert með því að fylgja þörfum markaðarins fyrir þjónustu, þróast í takt við breytingar í þjóðfélaginu og reka fyrirtækið á sem hagkvæmastan hátt hverju sinni.

Í dag kemur tæplega helmingur af tekjum Íslandspósts frá bréfaþósti þ.e. almennum bréfum, blöðum, tímaritum og auglýsingaþósti. Ákveðinn hluti dreifingar hefur að undanfögnu færst frá pósti á pappír yfir í rafrænar lausnir og fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram. Mest mun breytingin verða á yfirlitum og öðrum viðskiptatengdum upplýsingum.

Á sama tíma og bréfamagn fer minnkandi hefur kostnaður við flutninga og dreifingu pósts hins vegar aukist stórlega. Þessu þarf Íslandspóstur að bregðast við og hefur mikil vinna farið fram innan fyrirtækisins við að auka framleiðni og lækka kostnað.


Kostnaður við póstsendingar og vöru-dreifingu er stór hluti rekstrarkostnaðar hjá mörgum fyrirtækjum. Nú þegar mikill þrýstingur er á fyrirtæki að leita leiða til að hagræða í rekstri er vissulega horft til þessa stóra kostnaðarliðs.

Það eru gerðar miklar kröfur til rekstrar Íslandspósts. Fyrirtækið skal halda uppi pósthjónustu um allt land skv. lögum og starfsleyfi, magn fer minnkandi,


viðskiptavinir kalla eftir hagkvæmari lausnum, lægra verði og meira vöruúrvali og auk þess skal fyrirtækið skila hagnaði af rekstri og arðsemi af eigin fé.

Auk alls þessa verður einkaréttur fyrirtækisins á dreifingu bréfa að 50 g afnuminn 1. janúar 2011 sem breyta mun starfsumhverfi og rekstrargrundvelli fyrirtækisins mikið.

Til að mæta þessum auknu kröfum og breytta starfsumhverfi og til að geta sinnt hlutverki sínu á sem bestan hátt fyrir alla hagsmunaaðila hefur mikil áhersla verið lögð á viðskiptaþróun, vöruþróun og þróun vinnuferla innan fyrirtækisins undanfarin misseri. Hagræðing hefur líka verið lykilorð í rekstri fyrirtækisins. Við hagræðingarvinnuna er horft til aukinnar skilvirkni í dreifikerfinu allt frá móttöku til flokkunar og dreifingar. Á öllum þessum stöðum er nauðsynlegt að skoða hvort hagkvæmasta lausn sé í gangi hverju sinni og hvort að hægt sé að breyta vöruframboði, þjónustu eða vinnuferlum svo að hagræðing náist, bæði fyrir viðskiptavini og fyrirtækið.




Greiddur arður



Tekjuskattur

Íslandspóstur er hlutafélag, að fullu í eigu ríkisins. Fyrirtækið er með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 g en starfar að öðru leyti á samkeppnismarkaði. Á Íslandi er pósthjónusta ekki ríkisstyrkt og er fyrirtækið eingöngu rekið af tekjum sem koma frá viðskiptavinum. Gerð er sú krafa að fyrirtækið skili rekstrarafgangi, ásættanlegri arðsemi af eigin fé og greiði eigendum sínum arð.



Þróun í póstmagni innanlands



Þróun og nýir markaðir


Til að tryggja áframhaldandi öflugan rekstur félagsins og þar með öfluga pósthjónustu, í takt við kröfur markaðarins og almennings, er nauðsynlegt að þróa starfsemi Íslandspósts með markvissum hætti.

Undanfarin ár hefur öflug viðskiptaþróun verið starfrækt hjá Íslandspósti. Það sem aðallega hefur verið unnið að undanfarið eru rafrænar lausnir í samskiptum, leiðir til að auðvelda fjarverslun og ýmislegt annað sem tengist núverandi og nýrri starfsemi Póstsins.

Vörubróun er stöðugt ferli sem gefið hefur af sér margar nýjungar á undanförunum árum. Minniháttar breytingar á vöru eða framkvæmd hennar láta oft lítið yfir sér en geta haft mikil áhrif þegar til lengri tíma er lítið.

Í reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu segir að pósthjónusta sem fellur undir alþjónustu skuli þróast í takt við tækni,- hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda. Það er því skylda félagsins að þróast í takt við breytingar í þjóðfélaginu og fylgja þörfum viðskiptavina sinna eftir með nýjungum í vöruframboði.


Íslandspóstur



Vinnustaðurinn

Íslandspóstur er fyrirtæki sem skilgreinir sig sem markaðsdrifið þjónustufyrirtæki. Hjá fyrirtækinu starfa um 1.100 manns í hinum ýmsu störfum á fjölmörgum vinnustöðum um land allt við að þjónusta viðskiptavininn á sem bestan hátt.

Íslandspóstur er einn af stærstu atvinnurekendum landsins. Mikil fjölbreytni er í störfum innan fyrirtækisins en þeim er skipt í sex flokka eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Störf innan fyrirtækisins

- Bréfberar 41%
- Bilstjórar 14%
- Starfsfólk í póstmstöð 17%
- Starfsfólk pósthúsa 15%
- Skrifstofa 8%
- Aðrir 5%

Öflug fyrirtækjamenning

Á starfsmannasviði er unnið öflugt starf m.a. til þess að halda utan um starfsmannahópinn og byggja upp og efla sterka fyrirtækjamenningu. Sjá þarf til þess að starfsfólk sé vel upplýst og að tryggt sé að hverjum og einum starfsmanni sé tryggður góður aðbúnaður og öryggi og að hann hafi það sem þarf til að geta sinnt starfi sínu af kostgæfni.

Markmiðið hefur ávallt verið að tryggja að fyrirtækið sé áhugaverður, eftirsóttur og framsækinn vinnustaður og lögð er áhersla á að starfsfólk sé gert kleift að þróast í starfi og nýta möguleika sína til fullnustu. Lögð er áhersla á að starfsumhverfið einkennist af virðingu og trausti. Jafnframt er lögð áhersla á fjölskylduvæn gildi og að starfsfólk gefist kostur á sveigjanleika í starfi eftir því sem við verður komið.

Fræðslumál

Fræðslumál eru stór hluti af starfsemi starfsmannasviðsins. Áhersla er lögð á að fyrirtækið hafi ávallt á að skipa starfsfólk með fullnægjandi færni og þekkingu hverju sinni. Til að uppfylla það er haldið uppi öflugu fræðslu og þjálfunarstarfi fyrir allt starfsfólk sem tekur mið af því að það geti eflst og þroskast í starfi.

Fræðslustarfið er fjölbreytt og eru áhuga-verð námskeið haldin ár hvert. Sem dæmi um námskeið má nefna íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk, námskeið fyrir bréfbæra um hvernig best sé að umgangast hunda og fræðsla um líkamsbeitingu og vinnutækni.

Þemavikur eru einnig hluti af starfi fræðslumála, en þær eru haldnar til að beina athygli að ákveðnum málefnum innan fyrirtækisins þá vikuna. Má þá nefna þemavikur þar sem einblínt er á öryggi á vinnustöðum og rétta vörumeðhöndlun.

Samheldið starfsfólk

Félagslíf starfsfólks hjá Íslandspósti er öflugt og skemmtilegt. Starfsmannafélag hefur verið starfrækt frá stofnun fyrirtækisins, en það starfar að því að efla samstarf og standa fyrir samverustundum utan vinnutíma, s.s. skemmtunum af ýmsu tagi, ferðalögum, leikhúsferðum, íþróttahátíðum og ýmsu því sem auðgað getur andann.

Haldnir eru árlegir viðburðir og má þar nefna póstgönguna, árshátíð, jólaskemmtun, sumarhátíð, fjallgöngur, starfsmannabingó og fleira og fleira. Viðburðir á vegum starfsmannafélagsins eru ávallt vel sóttir og eru stór þáttur í því að efla enn frekar sterka fyrirtækjamenningu.

Betri líðan í leik og starfi

Heilsupósturinn er heilsuefing innan Íslandspósts sem fyrirtækið hefur staðið fyrir síðastliðin sex ár og um 500 starfsmenn hafa tekið þátt í á hverju ári. Undir

merkjum Heilsupóstsins býðst starfsfólk reglulegar heilsufarsmælingar ásamt ráðgjöf og fræðslu á sviði heilsuræktar. Markmiðið er að fá starfsfólk til þess að huga að betra lífverni og þar með að auka lífsgæðin.

Segja má að Heilsupósturinn sé orðinn lífsstíll hjá stórum hópi starfsfólks og setur fólk sér bæði persónuleg og sameiginleg markmið. Styttri og lengri gönguferðir eru skipulagðar á fjöllum og sléttlendi, t.d. hefur starfsfólk gengið saman á Hvannadalshnúk, yfir Fimmvörðuháls og nú síðast árið 2009 á Eyjafjallajökul. Auk þessara ferða hafa ýmsir vinnustaðir farið í gönguferðir í sinni heimabyggð, s.s. á Akureyri, Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum.



Póstganga Íslandspósts hefur verið farin á hverju ári frá stofnun fyrirtækisins 1998 en þá fjölmennir starfsfólk, fjölskyldur og vinir í göngurnar sem farnar eru víða um land.

Haustið 2008 var ákveðið að þema Heilsupóstsins fyrir næstu misseri yrði geðheilbrigði. Íslandspóstur og Geðhjálp hafa tekið höndum saman við að fræða starfsfólk Íslandspósts um lífsgæði og geðheilbrigði. Sigursteinn Músson, formaður Geðhjálp, hefur heimsótt fjölmarga vinnustaði Íslandspósts og vakið starfsfólk til umhugsunar um það sem hann nefnir Andlega sjálfsvörn.

Heil og sæl í vinnunni

Fyrir öflugt starf í heilsuefingu meðal starfsfólks var fyrirtækið valið Fyrirmyndar vinnustaður árið 2009 í átaksverkefninu Heil og sæl í vinnunni sem Vinnueftirlitið hafði umsjón með í samstarfi við Lýðheilsustöð. Átakið var hluti af samevrópsku verkefni sem kallast Move Europe um heilsuefingu á vinnustöðum. Í verkefninu var lögð áhersla á hreyfingu, heilsusamlega næringu, streituvarnir, tóbaksvarnir og áfengis- og vímuefnavarnir.

Bakhjarl menningar og lista

Pósturinn styrkir menningar- og íþróttastarf í landinu með framlögum til ýmissa góðra málefna.

Árið 2008 gerðu Pósturinn og Handknattleikssamband Íslands með sér samning sem felur í sér samstarf og stuðning næstu þrjú árin við landslið kvenna í handknattleik. Þetta samstarf hefur verið einkar ánægjulegt og er það heiður fyrir Póstinn að fá að styrkja íslenskar handknattleikskonur.

Það er stefna fyrirtækisins að styðja við íþróttastarf barna í landinu. Undanfarin tvö ár hefur Pósturinn verið aðalstyrktaraðili Póstmótsins sem er körfuknattleiksmót fyrir

11 ára börn og yngri alls staðar af á landinu sem haldið er í janúar ár hvert. Mótið hefur verið haldið síðustu 9 ár og hefur áunnið sér sess sem eitt af þremur stærstu körfuknattleiksmótum á landinu.

Á sviði menningar og lista hefur Pósturinn verið samstarfsaðili tveggja stórra verkefna undanfarin ár en það eru Listahátíð í Reykjavík og Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF.

Einnig hefur Íslandspóstur, undanfarin ár, tekið þátt í rekstri Samgöngusafnsins á Skógum en þar er saga póstpjónustu á Íslandi rakin.

Pósturinn hefur styrkt Krabbameinsfélagið og tekið þátt í átaksverkefnum þeirra bæði Bláu og Bleiku slaufunni. Þátttaka Póstsins í verkefnunum hefur m.a. falist í því að slaufurnar hafa verið seldar á pósthúsum.

Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri starfsmannasviðs


Eftirsóttur vinnustaður

Að byggja upp og efla fyrirtækjamenningu tel ég vera eitt mikilvægasta verkefni á starfsmannasviði. Viðhorf stjórnenda og starfsmanna tel ég vera þar mest ráðandi en afstaða stjórnenda til fyrirtækisins, markmiða þess, gilda og þjónustu endurþeglast í þeirri menningu sem Íslandspóstur stendur fyrir.

Lögð hefur verið áhersla á að bæta starfsumhverfi á vinnustöðum en það nær til bættra aðstæðna, öryggis, félagslegs aðbúnaðar, stjórnunar og þeirra kjara sem hver starfsmaður býr við og samið hefur verið um. Upplýsingastreymi til starfsmanna hefur einnig verið aukið til muna síðustu misseri, en til að auka það hafa verið haldnir fleiri fundir á vinnustöðum, bæði af framkvæmdastjórn og á vegum fræðsludeilda.

Samstaða meðal starfsfólks hefur einnig vaxið á undanförnum árum. Viðhorfskannanir sem gerðar hafa verið annað hvert ár síðustu tíu árin sýna að starfsánægja og viðhorf til fyrirtækisins og starfa hefur aukist jafnt og þétt. Ánægjulegt er að sjá að efling stjórnenda í gegnum fræðslustarfið hefur borið þann árangur að þeir eru öflugri við rekstur sinna deilda og ekki síður hvað varðar samskipti við sitt starfsfólk.

Lögð hefur verið áhersla á að styrkja stjórnandann sem einstakling, skipuleggja betur breytingaferli og ekki síst að hvetja hann til að hrósa sínu starfsfólki. Traust starfsfólks gagnvart sínum næsta stjórnanda skilar sér í bættum starfsanda og þá um leið í auknum gæðum vinnunnar.



Starfsmannavelta á árinu 2009 var mun minni en árin þar á undan, sem er eðlilegt þar sem atvinnuástand hefur breyst verulega á síðustu mánuðum. Þegar litið er yfir starfsmannahópin á flestum vinnustöðum Íslandspósts má sjá sömu andlitin ár eftir ár því ákveðinn kjarni starfsfólks hefur ákveðið að starfið hjá Íslandspósti sé það starf sem það vill sinna og gera vel. Alltaf er ánægjulegt að afhenda árlega starfsaldursviðurkenningar til þeirra sem unnið hafa að póstmálum í áratugi. Ég tel að starfsfólk Íslandspósts sé stolt af því að sinna sínum daglegu störfum, afgreiða sína viðskiptavinum og sinna þeim eins vel og hægt er.

Miðað við aðstæður síðustu mánaða og það sem framundan er þá þarf að taka erfiðar ákvarðanir við breyttar aðstæður þar sem fyrirséð er að bréfamagn minnkar milli ára. Fækkun starfsfólks er því miður óumflýjanleg á þessum tímum en markmiðið er að nýta starfsmannaveltu eins og hægt er og auk þess að bjóða fólki að minnka starfshlutfall. Þannig eru nú tímarnir sem við stöndum frammi fyrir núna.

Fagmennska og áreiðanleiki í þjónustu

Starfsfólk Póstsins leggur sig fram um að veita ávallt framúrskarandi þjónustu og leitast fyrirtækið við að vera fyrsti kostur viðskiptavina fyrir fagmennsku, áreiðanleika og góða þjónustu á starfssviði fyrirtækisins.

Lögð er áhersla á að þjálfar og fræða starfsfólk með reglubundinni kennslu og fræðslufundum þar sem lögð er áhersla á vörubekkingu, gott viðmót og þjónustulund. Markmið um árangur í þjónustu eru sett og mæld reglulega. Allar ábendingar og kvartanir eru skráðar og brugðist er við slíkum málum samkvæmt skilgreindum verkferlum og markmiðið er að svara öllu fljótt og vel. Námskeið eru haldin með starfsfólki til að halda við háu þjónustustigi, en mjög mikilvægt er að þjónustubekking sé góð meðal starfsfólks. Mikilvægt er að viðskiptavinur geti ætíð gengið að þeim upplýsingum sem hann vantar, hvort sem það er hjá starfsfólki í framlinu, í þjónustuveri eða á vefjum fyrirtækisins.



Global compact – verkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Árið 2009 gerðist Íslandspóstur aðili að alþjóðaverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna er kallast Global Compact. Yfir 5.000 fyrirtæki í 130 löndum eru aðilar að verkefninu en með þátttöku sinni skuldbinda þau sig til þess að stefna þeirra og starfshættir séu í samræmi við tíu alþjóðlega viðurkennd grundvallarréttindi er varða mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og spillingu. Með þátttöku í verkefninu geta fyrirtæki sem lykilaðilar hnattvæðingar stuðlað að því að markaðir, viðskipti, tækni og fjármál þróist á þann veg sem gagnast efnahagssvæðum og samfélögum hvar sem er. Með aðild sinni að Global Compact vill Íslandspóstur styðja við það stefnumið að fyrirtæki ástundi ábyrga og réttláta starfshætti á öllum sviðum starfsemi sinnar.

Gæðastefna

Gæðastefna Íslandspósts felst í því að tryggja þjónustu í samræmi við gefin loforð. Það er gert með því að viðhalda virku gæðakerfi fyrir alla þætti starfseminnar. Öguð vinnubrögð, kerfisbundin

skoðun á verklagi, greining vandamála og stöðug umbótavinna með það að leiðarljósi að bæta sífellt árangur fyrirtækisins er markmið gæðavinnu innan félagsins.

Allt starfsfólk hefur aðgang að gæðahandbók Íslandspósts, Póstbókinni. Þannig tryggir fyrirtækið samræmda gæðaðþjónustu við viðskiptavinum. Einnig eru vöktunar- og umbótaferli sífellt í gangi innan fyrirtækisins til að greina vandamál og ná sífellt betri árangri.

Gæðastjórnunarkerfi Íslandspósts er vottað samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum. Frá því að starfsemin fékk vottun samkvæmt ISO9001 gæðastaðlinum hefur starfsemin verið tekin út sjö sinnum og nú síðast í febrúar 2010. Úttektirnar annast BSI á Íslandi og hafa þær í öll skiptin tekist mjög vel og er það skoðun úttektaraðila að mikið hefur breyst til betri vegar í rekstri Íslandspósts eftir vottun.

Árangur fyrirtækisins kemur einnig glöggst fram í ánægðara starfsfólki og viðskiptavinum, sem og betri árangri í gæðamælningum póstsendinga.

Frímerki – lítil listaverk

Það hefur lengi verið áhugamál og ástríða margra að safna frímerkjum. Hjá Póstinum eru gefin út um 30 ný frímerki á hverju ári, hvert og eitt þeirra sérstaklega hannað. Því má segja að hvert frímerki sé lítið listaverk. Íslensk frímerki hafa hlotið fjölda viðurkenninga innanlands sem erlendis m.a. fyrir hönnun.

Áskrifendur íslenskra frímerkja eru í dag rúmlega sex þúsund talsins þar af tæplega fimm þúsund erlendir aðilar því íslensk frímerki vekja athygli um allan heim.

Myndefni frímerkja eru gríðarlega fjölbreytt. Frímerkin segja sögu lands og þjóðar og eru merkileg heimild um lífshætti, menningu og náttúru landsins. Pósturinn starfrækir einnig klúbb fyrir börn sem safna frímerkjum, Merkilega klúbbinn sem í eru tæplega sjö hundruð félagar.

Umhverfismál

Póstinum er annað um umhverfið og hefur fyrirtækið sett sér umhverfisstefnu sem unnið er eftir. Margvíslegar leiðir eru farnar til að ná markmiðum umhverfisstefnunnar. Teknar hafa verið upp mælingar á koltvísýringsútbæstri bíla á vegum fyrirtækisins, og markmið sett um að minnka hann á næstu árum. Liður í því er að auka hlutfall metanbíla og að taka í notkun rafmagnsbíla. Í dag eru í notkun 10 metanbílar en á árinu 2010 mun þeim fjölga.

Pósturinn hefur í samstarfi við fyrirtækið Saga System og Orkusetur unnið að undirbúningi að mælingu á lausagangi bifreiða og sjálfvirkri mælingu á eldsneytisnotkun og munu þessar mælingar fara í gang á árinu 2010.

Vetrardekk bíla Íslandspósts hafa verið negld fram að þessu, en nú er verið að prófa aðrar vistvænni gerðir dekkja svo sem loftbóludekk og skeljadekk.

Á árinu 2010 verður Íslandspóstur þátttakandi í alþjóðlegu verkefni á vegum PostEurop sem heitir „Green House Gas reduction program“ eða GHG. Þau pósthyriræki í Evrópu sem taka þátt setja sér markmið um minnkun koltvísýringsútblasturs.



PAPPÍR Í SÁTT
VIÐ NÁTTÚRUNA

Umhverfisverkefni Póstsins, Odda og Umslags

Pappír í sátt við náttúruna

Nauðsynlegt er að almenningur geri sér grein fyrir að pappír er ekki sá óvinur umhverfisins sem margir halda. Þvert á móti þá er pappír í sátt við náttúruna og evrópskir skógar fara sífellt stækkandi. Til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri tóku Pósturinn, Prentsmiðjan Oddi og Umslag höndum saman á síðasta ári í verkefni sem beinir sjónum að ábyrgð pappírsframleiðenda sem hafa í meira en hálfa öld verið í fararbroddi í stækkun evrópskra skóga. Á hverjum degi eru ræktaðir upp skógar á svæði sem samsvarar 4.363 knattspyrnuvöllum. Fyrirtækjunum sem að átakanu standa fannst kominn tími til að umhverfissinnað fólk hætti að hafa samviskubít vegna pappírsnotkunar, því pappír á Íslandi er í sátt við umhverfið. Verkefnið sem hlaut nafnið „Pappír í sátt – við náttúruna“ hófst á því að fyrirtækin gáfu fjögur tonn af pappír á leikskólana í landinu.

Nokkrar staðreyndir um pappír:

- Pappír ógnar alls ekki regnskógunum – þaðan kemur ekki ein pappírsörk, heldur er landbúnaður sökudólgurinn.
- Pappírinn okkar kemur frá evrópskum framleiðendum sem eru í heimsforystu um góða og sjálfbæra nýtingu skóglendis.
- Skóglendi í Evrópu stækkar á hverjum degi sem samsvarar 4.363 knattspyrnuvöllum.
- 50% af þeim viðartrefjum sem eru í nýjum pappír koma úr endurunnum pappír.
- Hin 50% eru úr afgangum frá byggingar- og húsgagnatimburvinnslu og frá nauðsynlegri grisjun á skóglendi.
- Einungis lítill hluti pappírs kemur úr nytjaskógum, og þeir skógar fara stækkandi með hverju ári.
- Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að trjá- og pappírsiðnaður leiki stórt hlutverk í að milda loftslagsbreytingarnar.





Á árinu 2010 verður Íslandspóstur þátttakandi í alþjóðlegu verkefni á vegum PostEurop sem heitir „Green House Gas reduction program“ eða GHG. Þau pósfyrirtæki í Evrópu sem taka þátt setja sér markmið um minnkun koltvísýringsútblásturs.

Pósturinn fyrir fyrirtæki



Það sem við gerum ...

Bréfadreifing	Vörudreifing	Samninga- og innheimtulausnir	Auglýsingalausnir	Rafrænar lausnir
Létt bréf 0-50 g Þyngri bréf 51-2000 g Rúmfrek bréf Hraðsendlar	Vörudreifing innanlands Póstkröfur Fyrirtækjapjónusta Samdægurspjónusta Vörudreifing til Íslands Vörudreifing frá Íslandi Tollafgreiðsla TNT Hraðflutningar milli landa	Ábyrgðarbréf Skeyti • Greiðsluáskoranir • Fundarboð • Formlegar tilkynningar Birtingapjónusta Kaupsamningar	Markpóstur Fjölpóstur Markhópalistar Merking, álíming Svarsendingar	Póststoð Rpóstur (Rekjanlegur tölvupóstur)
				

Pósturinn tryggir tengslin

Pósturinn kemur því til skila

Pósturinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnulífi landsins þar sem hann tryggir póstsendingar og flutningsferla fyrir fyrirtæki og stofnanir í landinu. Pósturinn sér um að samskipti fyrirtækjanna við viðskiptavinum og upplýsingagjöf þeirra gangi fljótt og auðveldlega fyrir sig. „Pósturinn tryggir tengslin“. Gróflega áætlað koma 80% tekna Póstsins frá fyrirtækjum.

Pósturinn veitir þjónustu á sviði dreifinga, samskipta- og flutningalausna og þjónustar fyrirtæki landsins með margvíslegum hætti. Sem dæmi má nefna þjónustu á sviði ýmiss konar dreifingar, allt frá bréfum til vörubretta, innheimtalausna í formi skeyta, ábyrgðarbréfa og birtinga og auglýsingalausna í formi markpósts og fjölþóst. Pósturinn leggur sig fram um að fylgja þörfum viðskiptavina sinna og þróa, í samstarfi við þá, nýjar lausnir.

Helstu viðskiptavinahópar á fyrirtækjamarkaði eru heildsalar, smásalar, fjármálafyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki og opinber fyrirtæki og stofnanir.

Þjónusta Póstsins nær langt út fyrir landsteinana en fyrirtækið er hluti af alþjóðlegri keðju póstfyrirtækja. Með aðgangi sínum að póstfyrirtækjum alls staðar í heiminum getur Pósturinn boðið upp á stærsta dreifikerfi innanlands og utan. Með þessari alþjóðlegu tengingu getur Pósturinn fylgt viðskiptavinum sínum í framþróun og þjónustað þá hvort sem er innan eða utan landsteinanna. Fjórðungur af tekjum Póstsins er til kominn vegna pósthjónustu milli landa.

Vörudreifing – hagkvæmar leiðir að settu marki

120 þúsund heimili
10 þúsund fyrirtæki
Dreifing 5 sinnum í viku
74 afgreiðslustaðir um land allt

Helsti styrkleiki Póstsins er skilvirkasta og stærsta dreifingarkerfi landsins. Á undanförunum árum hefur mikið starf farið fram við að efla pósthús og póstafréttir um land allt, hvort sem um ræðir ný hús í byggingu, endurbætur á eldra húsnæði, samstarf við banka og verslanir eða landpósta, með það að markmiði að geta veitt viðskiptavinum betri, traustari og öruggari þjónustu í vörudreifingu sem og pósthjónustu.

Pósturinn býður fyrirtækjum heildarlaun í vörudreifingarmálum. Vörudreifing er þjónusta fyrir fyrirtæki sem nýta dreifikerfi Póstsins við að koma vörum sínum til viðskiptavina, hvort sem um er að ræða önnur fyrirtæki eða einstaklinga.

Fyrirtæki geta nýtt sér mismunandi leiðir, allt eftir þörfum, við að koma vörum á áfangastað. Hvaðan sem er, hvert sem er, á réttum tíma. Þjónustuna er hægt að sniða sérstaklega að ýmsum tegundum fyrirtækja, t.d. heildverslunum og netverslunum. Mismunandi er eftir starfsemi fyrirtækjanna og vörum sem verið er að dreifa hvaða lausnir henta best.

Stórir, léttir, þungir, breiðir – hvert sem er

Hversu þungar, stórar eða fyrirferðarmiklar sem sendingar frá viðskiptavinum eru tekur Pósturinn að sér að flytja þær. Starfsfólk leggur mikinn metnað í að hver einasta sending komist í réttar hendur á þeim tíma sem tilgreindur er. Traust í samskiptum fyrirtækja byggist ekki síst á því að sendingar þeirra á milli, bæði stórar og smáar skili sér á réttum tíma.

Fyrirtækjaþjónusta – sækjum og sendum

Fyrirtækjaþjónusta Póstsins er heildarþjónusta, sniðin að þörfum viðskiptavinarins. Viðskiptavinurinn fær aðgang að öruggu og hraðvirku dreifikerfi, auk þess að eiga greiðari leið að þeirri fjölbreyttu þjónustu sem er í boði.

Bílafloti Póstsins samanstendur af litlum sendibílum upp í stærri lyftubíla og hafa þau fyrirtæki sem eru í fyrirtækjaþjónustu aðgengi að þessum bílum, allt eftir þörfum hverju sinni. Þannig geta fyrirtæki sparað sér óþarfa kostnað við útkeyrslu vörusendinga með því að nýta sér fyrirtækjaþjónustuna. Bill frá Póstinum kemur í fyrirtækið, sækir póstsendingar og vörur sem fyrirtækið þarf að senda frá sér og kemur einnig með allar póstsendingar og vörur, innlendar sem og erlendar.

Þjónustufulltrúar á fyrirtækjasviði leggja áherslu á persónulega og góða þjónustu, veita upplýsingar um þá viðtæku þjónustu sem í boði er og svara hinum ýmsu fyrirspurnum. Þeir sjá jafnframt til þess að allt gangi snurðulaust fyrir sig og halda utan um þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni.

Í áratugi hefur Pósturinn þjónað fjölda fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum og þessi reynsla, þekking starfsfólks og öflugt dreifikerfi skapar Póstinum sérstöðu í póstflutningum og vörudreifingu á Íslandi. Pósturinn dreifir sendingum til heimila og fyrirtækja landsins fimm daga vikunnar.



Fyrirtækjapjónusta Póstsins er heildarþjónusta, sniðin að þörfum viðskiptavinarins. Viðskiptavinurinn fær aðgang að öruggu og hraðvirku dreifikerfi, auk þess að eiga greiðari leið að þeirri fjölbreyttu þjónustu sem í boði er hjá Póstinum.

Samdægursþjónusta og hraðsendlar – hratt og örugglega

Fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu er boðið upp á þjónustu við vörusendingar samdægurs, innan höfuðborgarsvæðisins og til og frá nágrennasveitarfélögunum. Sendingar eru þá sóttar og þeim dreift sama dag. Í boði eru fastar fyrirfram ákveðnar ferðir með samdægursendingar en einnig er möguleiki fyrir fyrirtæki að panta hraðsendla með skömmum fyrirvara. Hraðsendlar sækja sendingar, skjöl og vörur, allt að 30 kg, alla virka daga og keyra á áfangastað. Með þessari þjónustu er Pósturinn að bregðast við

kröfum markaðarins um meiri hraða og sveigjanleika.

Vörusendingar til og frá Íslandi – hvaðan sem er, hvert sem er, á réttum tíma

Pósturinn starfar á alþjóðavísu með öðrum pósthyrirækjum og samstarfsfyrirtækjum um vörusendingar til og frá Íslandi og myndar þannig mjög sterka tengingu við erlend dreifikerfi um allan heim.

Pakkar með flugpósti fara ætíð með fyrsta flugi til útlanda og eru afhentir viðtakanda á pósthúsi í ákvörðunarlandi.

Þetta er hagkvæm og fljótleg lausn fyrir fyrirtæki sem þurfa ekki á hraðflutningum að halda.

TNT Hraðflutningar – tíminn skiptir máli í viðskiptum


TNT Hraðflutningar eru hluti af þjónustu framboði Póstsins. Tíminn getur skipt miklu máli í viðskiptum við útlönd og því býður Pósturinn upp á hraðflutninga og fragtsendingar í samvinnu við TNT Hraðflutninga. TNT kemur sendingum hratt og örugglega til skila hvar sem er í heiminum.

Leiðin liggur inn um lúguna

Pósturinn vinnur með fyrirtækjum að því að efla markaðsstarf þeirra með því að nýta auglýsingapóst til að ná markmiðum í markaðssetningu á vöru og þjónustu.



59% landsmanna skoða fjölpóst



68% landsmanna skoða markpóst

Auglýsingapóstur samanstendur af fjölpósti og markpósti. Þessir miðlar eru sterkir, áhrifamiklir, persónulegir og tilvaldir til að ná athygli markhópa, vekja viðbrögð sem og að byggja upp og efla sterk viðskiptasambönd milli fyrirtækis og viðskiptavinar. Til að aðstoða fyrirtæki enn frekar í þessum tengslum býður Pósturinn upp á markhópalista sem sniðnir eru að þörfum hvers fyrirtækis.

„Við hjá Brosi höfum um árabil aðstoðað fyrirtæki við val á auglýsinga- og gjafavörum, en þegar merktar auglýsingavörur eru notaðar í markpóst þá styðja þær við og styrkja skilaboðin. Einnig höfum við markvisst notað markpóst í okkar markaðsstarfi með mjög góðum árangri. Við teljum markpóst vera frábæra leið til að ná til viðskiptavina okkar en kosturinn er sá að hægt er að sníða póstin að markhópnunum og hafa bein samskipti við hann.“

Sturlaugur Þór Halldórsson,
sölu- og markaðsstjóri Bros.



Rafrænar lausnir

Á undanförunum árum hefur þróun rafrænna lausna á sviði póstmála verið mikil. Víða erlendis hafa póstoffyrirtæki þróað margvíslegar lausnir á þessu sviði að óskum sinna viðskiptavina og í takt við það sem almennt hefur verið að gerast í þróun á rafrænum lausnum.

Íslandspóstur hefur fylgst vel með þessari þróun og tekið upp það sem talið hefur verið að henti fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins.

Sem dæmi má nefna Póststoðina sem er ókeypis hugbúnaður fyrir fyrirtæki sem senda reglulega innanlands, pakka, ábyrgðarbréf eða póströfur. Póststoð einfaldar allan frágang og umsjón með sendingum, eykur öryggi þeirra og rekjanleika auk þess sem hún sparar tíma. Við notkun Póststoðar, sem tekur við upplýsingum beint úr tölvukerfi sendanda, þarf ekki að fylla út fylgibréf heldur er prentaður út límímiði með strikamerki auk annarra póstupplýsinga og hann settur á sendinguna. Póststoðin sendir gögn

rafrænt í tölvukerfi Póstsins. Þegar sending kemur í hús hjá Póstinum er númer hennar þegar skráð í tölvukerfi og sendandi getur síðan fylgst með því hvar sendingin er, séð greiðslur sem hafa borist vegna póstkrafna og fleira.



Samskipti fyrirtækja við viðskiptavinina sína og upplýsingagjöf til þeirra er í sífellt auknu mæli að færa á netið. Hagræðing og sparnaður í tíma og peningum næst af þessu fyrir fyrirtæki auk þess sem mörgum einstaklingum finnst þetta þægilegt og einföld leið. Það er því orðin aukin krafa fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi sem og annars staðar í heiminum að samskipti fari fram á rafrænan hátt. Íslandspóstur leggur því sífellt aukna áherslu á rafrænar lausnir

í þróunarvinnu sinni og vöruframboði. Nú er t.d. hafin prufunotkun viðskiptavina á rekjanlegum tölvupósti sem er boðin í samstarfi við Rpost.

Nýverið festi Íslandspóstur kaup á léninu www.netverslanir.is þar sem safnað hefur verið saman upplýsingum um helstu netverslanir landsins til einföldunar fyrir þann sístækkandi hóp sem óskar eftir því að gera innkaup á netinu. Ýmsar vörur og þjónustur á sviði rafrænna lausna eru nú í þróun hjá fyrirtækinu og munu lita dagsins ljós á næstunni. Kaup Íslandspósts á hlutum í Vörusjá og Modernus eru einnig liður í þessari þróunarvinnu.



Það er aukin krafa fyrirtækja og einstaklinga á Íslandi, sem og annars staðar í heiminum, að samskipti fari fram á rafrænan hátt. Íslandspóstur leggur því sífellt aukna áherslu á rafrænar lausnir í þróunarvinnu sinni og vöruframboði.



Pósturinn fyrir heimilin



Að senda póst

Pósthús, póstafréiðslur og samstarfsaðilar – 74 afgangiðslustaðir
Póstkassar – 218 kassar staðsettir um land allt
Póstbílar á minni stöðum
Landpóstar í dreifbýli

Að móttaka póst

Bréfalúgan
Pósthús
Heimakstur

Sérstök tilefni

Smávara og frímerkjavara á pósthúsum
Skeyti, Kortin mín og Frímerkin mín á netinu

Önnur þjónusta

Breyting á heimilisfangi á netinu, í síma eða á pósthúsi
Tollafgreiðsla
Áframsendingar og biðpóstur
Þjónustuver og vefir

Pósturinn tryggir tengslin

Eitt land – eitt verð

Á Póstinum hvílir alþjónustuskylda sem felur í sér skyldu til að halda uppi póstpjónustu sem er aðgengileg öllum landsmönnum og að bjóða sama verð á bréfapósti um allt land.

Pósturinn annast einkarétt ríkisins á dreifingu 0-50 g bréfa. Í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins mun einkarétturinn verða afnuminn í ársbyrjun 2011.

Samhliða einkaréttinum hvílir alþjónustuskyldan á fyrirtækinu. Sú krafa að bjóða sama verð á bréfapósti um allt land þýðir að kostnaður við bréfadreifingu getur verið mun hærri en burðargjaldið sem sendandinn greiðir. Kostnaður við alþjónustuna kemur fram á óarðbærum markaðssvæðum þar sem kostnaður við þjónustuna er hærri en tekjurnar af henni.

Kostnaðurinn við alþjónustuskylduna er greiddur af hagnaði frá einkaréttarþjónustunni (bréf 0-50 g). Fyrirtækið fær engar greiðslur frá ríkinu til að halda uppi alþjónustu.



Þjónusta og heimilin

Pósturinn gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi – Pósturinn tryggir tengslin og auðveldar samskipti á milli manna. Markmið Póstsins er að bjóða öllum landsmönnum upp á viðeigandi póstpjónustu sem svarar þörfum samfélagsins.

Með Póstinum geta einstaklingar sent vinum og ættingjum, hvort sem er innanlands eða utan, bréf, kort og pakka. Ábyrgðarbréf og skeyti eru einnig vörur sem einstaklingar nýta sér mikið.

Pósturinn vill vera fyrsti valkostur einstaklinga fyrir bréfa- og pakkasendingar og hefur verið að auka valmöguleika einstaklinga og bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu við allra hæfi. Sem dæmi má nefna að nú gefst viðskiptavinum kostur á að senda pakka beint heim til móttakanda eða að láta afhenda hann á næsta pósthúsi. Ýmsar nýjungar í vöruframboði Póstsins henta mög vel fyrir einstaklinga t.d. Kortin mín og Frímerkin mín en þar geta einstaklingar hannað sín eigin kort og frímerki á www.postur.is og sent vinum og ættingjum sem boðskort, jólakort eða af öðrum tilefnum.

Þó að lítill hluti af tekjum Póstsins komi frá einstaklingsmarkaði, eða um 20%, eru einstaklingar og heimilin í landinu hinsvegar stór hluti móttakenda póstsendinga. Mikið er lagt upp úr því hjá Póstinum að bjóða hentugar lausnir og valmöguleika fyrir móttakendur póstsendinga. Viðskiptavinir geta t.d. valið um að fá bréfapóst borinn út á heimilið,

fengið hann í pósthólf eða látið hann bíða sín á næsta pósthúsi. Móttakandi getur óskað eftir því, gegn gjaldi, að fá pakkann sem bíður á pósthúsi sendan heim að dyrum ef það hentar betur. Ýmis þjónusta t.d. áframsendingar og biðpóstur eru svo valmöguleikar sem Pósturinn býður einstaklingum upp á við flutninga eða í fríum.

Starfsfólk Póstsins heimsækir nær öll heimili landsins fimm daga vikunnar, en það eru alls um 120.000 heimili. Einungis 156 aðilar fá ekki slíka þjónustu fimm daga vikunnar og er það 0,13% af öllum heimilum landsins.





Dreifikerfið

Dreifikerfi Póstsins og þar með þjónusta við heimili landsins nær um allt land og inn á öll heimili landsins. Afgreiðslustaðir Póstsins eru nú 74 um allt land. Í eigin rekstri eru 39 af þessum afgreiðslustöðum og 35 afgreiðslustaðir eru reknir í samstarfi við aðra aðila t.d. banka og verslanir.

Að meðaltali koma rúmlega 6.800 viðskiptavinir á afgreiðslustaði á hverjum degi til að eiga pósthúðskipti eða 1,7 milljón viðskiptavinir á hverju ári. Fyrir utan þetta koma svo margir viðskiptavinir að sækja póst úr pósthólfum sínum.

Árið 2005 tók stjórn Íslandspósts ákvörðun um að byggja upp net fyrirtækisins á 16 stöðum á landsbyggðinni ásamt því að reka öfluga starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Samspil þessara 16 öflugu miðstöðva, flutninganetsins og minni starfsstöðva víðs vegar um landið eiga að tryggja öflugt dreifingarfyrirtæki öllum landsmönnum til hagsbóta.

Póstkassar þar sem hægt er að póstleggja bréf eru 218 talsins um allt land. Staðsetning póstkassa er ákvörðuð þannig að þeir séu í alfaraleið, nálægt verslunum eða verslanakjörnum eða annarri þjónustu sem margir sækja, við stærstu samgönguaðar og helstu ferðamannastaði. Ef mælingar sýna að fá bréf koma í póstkassa er leitast við að finna honum betri stað þar sem hann nýtist fleirum.

Landpóstar eru staðgenglar hefðbundinna afgreiðslustaða, eins konar pósthús á hjólum og sjá þeir um dreifingu til allra dreifðra byggða og sveita og fáeinna staða í þéttbýli. Landpóstar taka á móti sendingum og bréfum til póstlagningar, selja umbúðir og frímerki og veita upplýsingar um vörur og þjónustu Póstsins.

Bréfberar bera út bréf, blöð og tímarit og annað sem kemst inn um lúgur landsmanna. Ef um stærri sendingar er að ræða sækir viðkomandi þær á næsta pósthús eða fær þær keyrðar heim að dyrum allt eftir óskum sendanda og móttakanda og þjónustu á hverjum stað.



-  Pósthús
-  Pósthús í eigin rekstri
-  Pósthús í samstarfi
-  Flutningsleið
-  Tengileið
-  Landpóstaleið

Pósthúsin

Á undanföllum árum hafa verið byggð fimm ný pósthús þar sem áhersla er lögð á gott aðgengi viðskiptavina, bjart og rúmt afgreiðslurými og vörusölu sem mætir þörfum einstaklinga, ferðamanna og smærri fyrirtækja. Að undanföllum hafa einnig verið gerðar endurbætur á húsnæði Póstsins á öðrum stöðum. Þessi uppbygging og endurbætur voru orðnar mjög aðkallandi þar sem mikið af því húsnæði sem Pósturinn er í á landsbyggðinni var gamalt húsnæði frá Pósti og síma og hannað á sínum tíma fyrir símsstöðvar. Aðstaða fyrir viðskiptavini og starfsmenn var orðin slæm í húsunum og því aðkallandi að bæta úr.

Ánægja viðskiptavina, sendenda jafnt sem móttakenda, skiptir höfuðmáli í starfsemi Póstsins. Reglulega eru gerðar ánægjumælingar meðal viðskiptavina fyrirtækisins og þær síðan nýttar til að bæta þjónustuna. Þjónustukannanir á afgreiðslustöðum eru einnig framkvæmdar reglulega. Þá fer nafnlaus óháður úttektaraðili á póstafréiðslurnar og kannar útlit afgreiðslunnar, viðmót starfsmanna, þjónustuþekkingu afgreiðslufólks og annað sem snertir þjónustuna. Niðurstöður heimsóknanna eru síðan nýttar til að bæta það sem þarf að laga og festa í sessi það sem vel er gert.

Íslensk vara á pósthúsum

Á pósthúsum víða um land hefur verið aukið við úrval söluvöru. Misjöfn stærð afgreiðslustaða veitir ólík tækifæri á vöruúrvali en eftir fremsta megni er reynt að koma til mótis við þarfir viðskiptavina á hverjum stað.

Pósturinn hefur einsett sér að ýta undir íslenska hönnun og framleiðslu í vöruúrvali sínu.

Íslensk frímerki
Íslenskt sælgæti
Íslenskt handverk
Íslenskar bækur
Íslensk tónlist



Póstkassar eru
218 talsins,
staðsettir um
allt land

Ánægja viðskiptavina, sendenda
jafnt sem móttakenda skiptir
höfuðmáli í starfsemi Póstsins





Ársreikningur

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur árið 2009

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Íslandspósts hf. og dótturfélaga þess sem eru Trönur ehf. og Samskipti ehf. bæði að fullu í eigu móðurfélagsins.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 92 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þann 31. desember 2009 nam 2.603 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins þann 31. desember 2009 nam 1.448 millj. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórnunarhættir

Stjórn Íslandspósts hf. starfar samkvæmt samþykktum félagsins og eftir vinnureglum stjórnar. Í reglunum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2009, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Íslandspósts hf. hafa í dag rætt um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 19. febrúar 2010.

Stjórn:

*Guðmundur Oddsson, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Petrína Baldursdóttir
Björn Jósef Arnviðarson, Jón Ingi Cæsarsson, Ellert Kristinsson, Helga Vala Helgadóttir*

Forstjóri:

Ingimundur Sigurpálsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspósts hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspósts hf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlið, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáið um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2009, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 19. febrúar 2010.

Sveinn Arason

Ríkisendurskoðandi

Óskar Sverrisson

Endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2009

REKSTRARTEKJUR		Skýr.	2009	2008
Tekjur af pósthjónustu			5.857.828	6.088.910
Aðrar tekjur			569.421	584.077
			<u>6.427.249</u>	<u>6.672.987</u>
REKSTRARGJÖLD				
Laun og launatengd gjöld	6		3.357.363	3.660.664
Beinn kostnaður við póstdreifingu			1.669.489	1.680.101
Annar rekstrarkostnaður			809.875	810.367
Virðisrýrnun viðskiptavildar			50.000	0
			<u>5.886.727</u>	<u>6.151.132</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)			<u>540.522</u>	<u>521.855</u>
Afskriftir	10		(274.212)	(290.724)
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT)			<u>266.310</u>	<u>231.131</u>
Fjármunatekjur			74.909	82.050
Fjármagnsgjöld			(212.460)	(219.589)
Hrein fjármagnsgjöld	8		<u>(137.551)</u>	<u>(137.539)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt			128.759	93.592
Tekjuskattur	9		(36.453)	(14.699)
Hagnaður og heildarafkoma ársins			<u><u>92.306</u></u>	<u><u>78.893</u></u>
HAGNAÐARHLUTUR OG ÞYNNTUR HAGNAÐARHLUTUR				
Hagnaður og þynnur hagnaðarhlutur á hverja krónu hlutafjár	3		0,06	0,05

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

EIGNIR	Skýr.	2009	2008
Rekstrarfjármunir	10	2.891.600	2.901.047
Viðskiptavild	11	81.120	131.120
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	75.438	80.438
Skuldabréf	13	34.762	39.572
FASTAFJÁRMUNIR		3.082.920	3.152.177
 Birgðir	14	178.098	164.243
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	15	1.078.586	1.290.531
Handbært fé	16	724.453	249.404
Eignir til sölu	17	69.331	60.908
VELTUFJÁRMUNIR		2.050.468	1.765.086
 EIGNIR SAMTALS		5.133.388	4.917.263
 EIGIÐ FÉ			
Hlutfé		1.447.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður		344.012	338.623
Óráðstafað eigið fé		811.839	804.922
EIGIÐ FÉ	18	2.603.351	2.591.045
 SKULDIR			
Skuldabréfalán	21	1.590.045	1.524.503
Tekjuskattsskuldbinding	19	32.400	30.446
LANGTÍMASKULDIR		1.622.445	1.554.949
 Tekjuskattur til greiðslu	19	34.499	22.441
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	873.093	748.828
SKAMMTÍMASKULDIR		907.592	771.269
 SKULDIR		2.530.037	2.326.218
 EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		5.133.388	4.917.263

Eiginfjáryfirlit 2009

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
ÁRIÐ 2009				
Eigið fé 1.1.2009	1.447.500	338.623	804.922	2.591.045
Arður til hluthafa			(80.000)	(80.000)
Lagt í lögbundinn varasjóð		5.389	(5.389)	0
Hagnaður ársins			92.306	92.306
Eigið fé 31.12.2009	1.447.500	344.012	811.839	2.603.351

ÁRIÐ 2008

Eigið fé 1.1.2008	1.447.500	334.678	819.974	2.602.152
Arður til hluthafa			(90.000)	(90.000)
Lagt í lögbundinn varasjóð		3.945	(3.945)	0
Hagnaður ársins			78.893	78.893
Eigið fé 31.12.2008	1.447.500	338.623	804.922	2.591.045

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
REKSTRARHREYFINGAR			
Hagnaður ársins		92.306	78.893
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna		(15.157)	(4.368)
Afskriftir	10	274.212	290.724
Niðurfærsla viðskiptavildar	11	50.000	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		130.538	132.064
Tekjuskattur		36.453	14.699
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI		568.352	512.012
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun		(13.855)	(59.343)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		221.830	(60.460)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		94.537	(115.974)
BREYTINGAR Á REKSTRARTENGÐUM EIGNUM OG SKULDUM		302.512	(235.777)
Innheimtar vaxtatekjur		74.828	69.299
Greidd vaxtagjöld		(53.322)	(50.376)
Greiddir skattar		(22.825)	(30.794)
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI		869.545	264.364
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Fasteignir og lóðir	10	(94.730)	(329.111)
Áhöld, tæki og bifreiðar	10	(200.847)	(232.741)
Söluverð seldra eigna		37.547	30.358
Breyting á skuldabréfæign		2.137	9.062
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(7.500)	(12.388)
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR		(263.393)	(534.820)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný langtímalán		0	400.000
Greiddur arður		(80.000)	(90.000)
Afborganir langtímalána		(51.103)	(44.649)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR		(131.103)	265.351
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ		475.049	(5.105)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN		249.404	254.509
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK		724.453	249.404

Skýringar

1. FÉLAGIÐ

Íslandsþóstur hf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar og lögheimili þess er að Stórhöfða 29 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðu félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 19. febrúar 2010.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að því undanskildu að eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

e. Breyting á reikningsskilareglum

(i) Yfirlit

Þann 1. janúar 2009 breytti samstæðan reikningsskilareglum sínum um eftirfarandi liði:

- * Framsetning reikningsskilanna
- * Lántökukostnað

(ii) Framsetning reikningsskilanna

Í ársbyrjun 2009 tók gildi endurbættur staðall IAS 1 um framsetningu reikningsskila. Samkvæmt endurbættum staðli skal færa tekjur og gjöld sem áður voru færð annaðhvort í rekstrarreikning eða á eigið fé í einu yfirliti sem nefnist yfirlit um heildarafkomu eða tveim yfirlitum, annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkomu. Breytingin hefur engin áhrif á framsetningu reikningsskilanna og hreyfir ekki kennitöluna hagnað á hlut.

Þá hefur framsetningu sjóðstreymis verið breytt til að draga fram innheimtar vaxtatekjur, greidda vexti og greidda skatta. Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar til samræmis við þessa breyttu framsetningu.

(iii) Lántökukostnaður

Frá og með 1. janúar 2009 eignfærir félagið lántökukostnað sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Áður var slíkur lántökukostnaður gjaldfærður þegar hann féll til. Breytingin hefur ekki veruleg áhrif á hagnað á hlut.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) *Dótturfélög*

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) *Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings*

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald og er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, að undanskildum fjáreignum til sölu sbr. hér að neðan.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

(i) *Fjáreignir til sölu*

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangverði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er færð úr ársreikningi eða ef um virðisrýrnun er að ræða.

d. Rekstrarfjármunir

(i) *Færsla og mat*

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupun. Þegar rekstrarfjármunir samanstanda af einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er mismunur á söluandvirði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna og gjalda.

(ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður meðal rekstrarfjármuna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

d. Rekstrarfjármunir, frh.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	20-25 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar	3-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild verður til við kaup á dótturfélögum og er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

f. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á meðalkostnaðarverðsreglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi.

g. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning við virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða (sjá reikningsskilaaðferð f) er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

g. Virðisrýrnun, frh.

(ii) *Aðrar eignir, frh.*

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð. Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun, að fráðregnum afskriftum sem hefðu verið færðar, ef engin virðisrýrnun hefði orðið. Bakfærsla virðisrýrnunar er færð í rekstrarreikning nema í tilviki eignarhluta í öðrum félögum sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu. Þegar um slíkar eignir er að ræða er bakfærsla virðisrýrnunar færð beint á eigið fé.

h. Fastafjármunir til sölu

Þegar gert er ráð fyrir að bókfært verð fastafjármuna (eða eignasamstæða sem samanstanda af eignum og skuldum) verði endurheimt aðallega með sölu þeirra fremur er áframhaldandi notkun, eru eignirnar eða eignasamstæðurnar endurflokkaðar í efnahagasreikningi sem eignir til sölu. Áður en endurflokkunin á sér stað eru eignirnar (eða einstakir hlutar eignasamstæða) endurmetnir í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Eftir það eru eignirnar (eða eignasamstæðan) almennt metnar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvoru sem lægra reynist.

Virðisrýrnun eignasamstæða er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild, því næst hlutfallslega á aðrar eignir og skuldir innan eignasamstæðunnar. Virðisrýrnun er þó ekki færð til lækkunar á birgðum, fjáreignum eða skatteignum, sem eru áfram metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Virðisrýrnun við upphaflega flokkun eigna sem eru til sölu er færð í rekstrarreikning. Hið sama á við hagnað eða tap af endurmati á síðari uppgjörsdögum, en þó er hagnaður aðeins færður að því marki að hann nemi ekki hærri fjárhæð en uppsafnaðri virðisrýrnun.

i. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

j. Tekjur

Tekjur samstæðunnar af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í þeim mánuði sem þjónustan er innt af hendi án tillits til þess hvenær uppgjör fyrir hana berast. Tekjur vegna vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur flyst til kaupanda sem jafnan er við afhendingu.

k. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna.

Skýringar frh.

3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

I. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilfellum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna fjárfestinga í dótturfélögum svo framarlega sem talið er að móðurfélagið geti stýrt því hvenær mismunirnir snúist við og jafnframt að talið sé líklegt að þeir munu ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

m. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem reiknaður er sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga né tekið lán sem breytanlegt er í hlutafé, þannig að þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði á hlut.

n. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Gefnir hafa verið út nokkrir staðlar, endurbætur á þeim og túlkanir, sem ekki hafa tekið gildi fyrir reikningsár félagsins og hefur ekki verið beitt við gerð þessara reikningsskila. Ekki er talið að þeir hafi veruleg áhrif á reikningsskilin en möguleg áhrif af innleiðingu þeirra hafa ekki verið metin.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- * lánsáhætta
- * lausafjárahætta
- * markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Skýringar frh.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

Lánsáhætta, frh.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem allir nýjir viðskiptamenn eru metnir áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir. Auk þess er trygginga krafist sé talin ástæða til þess.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru bæði á einstaklinga og félög. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir geta ekki átt frekari viðskipti við samstæðuna nema greiða niður skuldir sínar.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengt einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er metin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Viðskiptakröfur samstæðunnar eru færðar niður um 102 millj. kr. (2008: 91 millj. kr.) og skuldabréf í eigu félagsins eru færð niður um 6 millj. kr. (2008: 3 millj. kr.)

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Samstæðan hefur aðgang að lánalínu sem er að eftirstöðvum 192 millj. kr. um áramót.

Samningsbundnar greiðslur af fjárskuldum greinast þannig í árslok:

	Bókfært verð	Innan 1 árs	2-3 ár	4-5 ár	Meira en 5 ár
2009					
Skuldabréfalán	1.642.191	150.677	358.436	348.606	2.343.373
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	873.093	873.093			
	<u>2.515.284</u>	<u>1.023.770</u>	<u>358.436</u>	<u>348.606</u>	<u>2.343.373</u>
2008					
Skuldabréfalán	1.572.812	142.678	338.901	329.648	2.337.794
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	748.828	748.828			
	<u>2.321.640</u>	<u>891.506</u>	<u>338.901</u>	<u>329.648</u>	<u>2.337.794</u>

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagæringum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna krafna á erlendar pósthjórur og viðskiptavinum í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli samstæðunnar. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru SDR og EUR. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlagengisáhættu vegna krafna.

Skýringar frh.

4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

Markaðsáhætta, frh.

Gjaldmiðlagengisáhætta, frh.

Lántaka samstæðunnar sem er að 44% hluta í erlendri mynt, EUR, CHF, JPY, USD og CAD, myndar gengisáhætta sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem móðurfélagið tekur í íslenskum krónum.

Í árslok 2009 er nánast jöfnuður milli krafna og skulda í erlendri mynt. Breytingar á gengi gjaldmiðla hefðu því óveruleg áhrif á afkomu samstæðunnar.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar í íslenskum krónum eru að langstærstum hluta á föstum vöxtum og bundnar vísitölu neysluverðs. Lántökur í erlendri mynt eru með breytilegum vöxtum. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 16 millj. kr. lakari á árinu 2009 en 16 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari á árinu 2008 en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 12 millj. kr. lakari á árinu 2008 en 12 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

5. SKIPTING TEKNA OG GJALDA EFTIR REKSTRARÞÁTTUM

Meginstarfsemi félagsins felst í pósthjónustu sem er að hluta rekin í samkeppni við aðra aðila í sambærilegum rekstri og að hluta samkvæmt einkarétti til póstdreifingar. Rekstrarreikningi félagsins fyrir árið 2009 hefur verið skipt upp í þessa helstu rekstrarþætti eftir aðferðum sem þróaðar hafa verið af stjórnendum félagsins. Taka aðferðir þessar mið af talningum á þeim pósti sem dreift er í samkeppni, bæði innan og utan alþjónustu og samkvæmt einkarétti. Einnig er reiknuð og gjaldfærð notkun á fastafjármunum og fjármagni og breytast því tekjur og gjöld sem reiknuðum innri viðskiptum nemur.

Eignarekstur samanstendur af reiknuðum tekjum vegna fastafjármuna og fjármagns, sem og raun fjármagnsliðum fyrirtækisins ásamt áhrifum dótturfélaga. Skipting rekstrarreiknings í framangreinda rekstrarþætti miðað við þessar forsendur er þannig:

		Samkeppni innan	Samkeppni utan	
Árið 2009	Einkaréttur	alþjónustu	alþjónustu	Samtals
Rekstrartekjur	2.659.711	2.286.387	1.019.795	5.965.893
Rekstrargjöld	(2.672.451)	(2.221.143)	(988.810)	(5.882.404)
	(12.740)	65.244	30.985	83.489
Eignarekstur				45.270
Hagnaður fyrir tekjuskatt				128.759
Tekjuskattur				(36.453)
Hagnaður ársins				92.306
Árið 2008				
Rekstrartekjur	2.919.952	2.225.505	1.024.579	6.170.036
Rekstrargjöld	(2.918.548)	(2.258.291)	(1.015.827)	(6.192.666)
	1.404	(32.786)	8.752	(22.630)
Eignarekstur				116.222
Hagnaður fyrir tekjuskatt				93.592
Tekjuskattur				(14.699)
Hagnaður ársins				78.893

Skýringar frh.

6. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:	2009	2008
Laun	2.715.182	2.969.670
Launatengd gjöld	475.803	491.430
Annar starfsmannakostnaður	166.378	199.564
Laun og launatengd gjöld samtals	3.357.363	3.660.664
Stöðugildi	956	1.032

Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda námu 82 millj. kr. á árinu (2008: 81 millj. kr.). Þar af voru laun forstjóra 16 millj. kr. (2008: 17 millj. kr.) og laun til stjórnarmanna 9 millj. kr. (2008: 9 millj. kr.) Laun stjórnarformanns eru tvöföld laun stjórnarmanns. Samningar við stjórnendur félagsins kveða hvorki á um kauprétt á hlutum í félaginu né sérstakar greiðslur við starfslok. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur 6 mánuðir.

Ógreiddar eftirstöðvar starfslokasamninga námu 19 millj. kr. í árslok og er tekið tillit til þeirrar fjárhæðar í reikningsskilum félagsins.

7. ÞÓKNANIR TIL ENDURSKOÐENDA

Greiðslur til Ríkisendurskoðunar greinast þannig:	2009	2008
Endurskoðun ársreiknings	3.116	4.200
Könnun árshlutareikninga	1.212	1.530
Samtals	4.328	5.730

8. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2009	2008
Vaxtatekjur og verðbætur	74.909	82.050
Fjármunatekjur samtals	74.909	82.050
Vaxtagjöld og verðbætur	(182.323)	(202.352)
Gengistap	(30.137)	(17.237)
Fjármagnsgjöld samtals	(212.460)	(219.589)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(137.551)	(137.539)

9. GJALDFÆRÐUR TEKJUSKATTUR

Í desember 2009 samþykkti Alþingi hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18% frá og með 1. janúar 2010 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Áhrif þessa hafa verið færð í reikningsskil ársins 2009 og nemur hækkun tekjuskattsskuldbindingar 5,4 millj. kr.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2009	2008
Skattar til greiðslu		
Skattar ársins	34.499	22.441
Frestaðir skattar		
Tímabundnir mismunir	(3.446)	(1.377)
Breyting tekjuskattshlutfalls úr 15% í 18% (2008: úr 18% í 15%)	5.400	(6.365)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	36.453	14.699

Skýringar frh.

9. GJALDFÆRÐUR TEKJUSKATTUR, FRH.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:		2009	2008
Hagnaður ársins		92.306	78.893
Tekjuskattur		36.453	14.699
Hagnaður án tekjuskatts		128.759	93.592
Tekjuskattur fyrirtækja samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0%	19.314	15,0% 14.039
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls á Íslandi	4,2%	5.400	6,8% (6.365)
Ófrádráttarbær kostnaður vegna virðisrýrnunar viðskiptavildar	7,3%	9.375	0,0% 0
Áhrif skattalegra tapa	1,8%	2.322	10,0% 9.381
Annað	0,0%	42	(2,5%) (2.356)
Virkur tekjuskattur	28,3%	36.453	15,7% 14.699

10. REKSTRARFJÁRMUNIR

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2008	2.642.999	1.597.438	4.240.437
Viðbót á árinu	329.111	232.741	561.852
Selt og niðurlagt	(38.315)	(66.981)	(105.296)
Staða 31.12.2008	2.933.795	1.763.198	4.696.993
Staða 1.1.2009	2.933.795	1.763.198	4.696.993
Viðbót á árinu	94.730	200.847	295.577
Selt og niðurlagt	(64.140)	(31.985)	(96.125)
Endurflokkað sem til sölu	(8.423)	0	(8.423)
Staða 31.12.2009	2.955.962	1.932.060	4.888.022
Afskriftir			
Staða 1.1.2008	566.058	994.707	1.560.765
Afskriftir ársins	128.146	162.578	290.724
Selt og niðurlagt	(2.682)	(52.861)	(55.543)
Staða 31.12.2008	691.522	1.104.424	1.795.946
Staða 1.1.2009	691.522	1.104.424	1.795.946
Afskriftir ársins	128.556	145.656	274.212
Selt og niðurlagt	(46.811)	(26.925)	(73.736)
Staða 31.12.2009	773.267	1.223.155	1.996.422
Bókfært verð			
1.1.2008	2.076.941	602.731	2.679.672
31.12.2008	2.242.273	658.774	2.901.047
1.1.2009	2.242.273	658.774	2.901.047
31.12.2009	2.182.695	708.905	2.891.600
Afskriftahlutföll	0-5%	10-33%	

Skýringar frh.

10. REKSTRARFJÁRMUNIR, FRH.

Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð fasteigna og lóða í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

	2009	2008
Vátrygginarverð fasteigna	3.361.110	3.280.130
Fasteignamat fasteigna og lóða	1.946.980	1.950.730
Bókfært verð fasteigna og lóða	2.182.695	2.242.273

Veðskuldir

Á rekstrarfjármunum samstæðunnar hvíla tryggingabréf og skuldabréf að fjárhæð 972 millj. kr. (2008: 870 millj. kr.)

11. ÓFNISSLEGAR EIGNIR

Ófniðslegar eignir og niðurfærsla greinist þannig:

Viðskiptavild

	2009	2008
Staða 1.1	131.120	131.120
Niðurfært á árinu	(50.000)	0
Staða 31.12	81.120	131.120

Viðskiptavild sem myndaðist við kaup móðurfélagsins í dótturfélagi nam 131 millj. kr. í ársbyrjun. Í maí var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á hinni sjóðsskapandi einingu sem viðskiptavildin tilheyrir og greind virðisrýrnun sem nemur 50 millj. kr. og hefur það verið fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunin er að mestu tilkomin vegna almenns samdráttar í hinu íslenska efnahagslífi. Í árslok var virðisrýrnunarprófið endurtekið og frekari virðisrýrnun ekki greind. Við núvirðisreikning er notuð vaxtaþrósentan sem samsvarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður skulda og eigin fjár að teknu tilliti til skatta eða 14,53%. Ef gangvirði viðskiptavildarinnar (núvirt fjárstreymi) reynist lægra en bókfært verð er mismunurinn færður til gjalda. Engin virðisrýrnun var greind á árinu 2008 en við framkvæmd prófsins á þeim tíma var vaxtaþrósentan sem stuðst var við núvirðisreikningana 17,78%.

12. EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	2009		2008	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Internet á Íslandi hf.	3.781	45.352	3.781	45.352
Vörusjá ehf.	27.500	27.500	32.500	32.500
Eurogiro, nafnverð 100 þús. DKK	1.265	2.520	1.265	2.520
Önnur félög	66	66	66	66
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		75.438		80.438

13. SKULDABRÉFAEIGN

Skuldabréfaeign greinist þannig:	2009	2008
Staða 1.1	49.321	57.881
Lánveitingar ársins	7.000	667
Verðbætur	4.058	1.099
Afborganir	(11.071)	(10.768)
Breyting á niðurfærslu	(2.630)	442
Afborganir næsta árs	(11.916)	(9.749)
Skuldabréfeign 31.12	34.762	39.572

Skýringar frh.

14. BIRGÐIR

Birgðir í árslok greinast þannig:	2009	2008
Rekstrarvörubirgðir	103.463	98.252
Frímerkjabirgðir	74.635	65.991
Birgðir samtals	178.098	164.243

15. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG AÐRAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2009	2008
Nafnverð viðskiptakrafna	993.435	1.027.452
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast	(107.790)	(94.443)
Næsta árs afbörgun skuldabréfæignar	11.916	9.749
Ýmsar skammtímakröfur	181.025	347.773
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	1.078.586	1.290.531

16. HANDBÆRT FÉ

Handbært fé greinist þannig:	2009	2008
Markaðsverðbréf	0	53
Óbundnar bankainnstæður	715.724	245.009
Sjóðir	8.729	4.342
Handbært fé samtals	724.453	249.404

17. EIGNIR TIL SÖLU

Eignir til sölu greinast þannig:	2009	2008
Staða 1.1	60.908	41.121
Endurflokkað frá rekstrarfjármunum	21.558	22.314
Selt á árinu	(13.135)	(2.527)
Eignir til sölu samtals	69.331	60.908

18. EIGIÐ FÉ

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.448 millj. kr. og hafa allir hlutir verið greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Arður

Á árinu 2009 var greiddur 80 millj. kr. arður vegna rekstrarársins 2008 eða 0,06 kr. á hlut. (2008: 90 millj. kr. eða 0,06 kr. á hlut.)

Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% hlutfjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% hlutfjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en 25% hlutfjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyriræla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gætt, til annarra þarfa.

Skýringar frh.

19. TEKJUSKATTSSKULDBINDING

Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	2009	2008
Tekjuskattsskuldbinding 1.1	30.446	38.188
Reiknaður tekjuskattur ársins	36.453	14.699
Tekjuskattur til greiðslu	(34.499)	(22.441)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12	32.400	30.446
Tekjuskattsskuldbindingin greinist þannig í árslok:	2009	2008
Rekstrarfjármunir	41.921	34.294
Viðskiptakröfur	(9.405)	(4.435)
Birgðir	78	354
Aðrir liðir	(194)	233
Samtals	32.400	30.446

20. VIÐSKIPTASKULDIR OG AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2009	2008
Viðskiptaskuldir	425.035	344.158
Aðrar skammtímaskuldir	448.058	404.670
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	873.093	748.828

21. VAXTABERANDI SKULDIR

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2009	2008
Lán bundin vísitölu neysluverðs	920.986	888.412
Lán í EUR	225.637	215.095
Lán í CHF	188.819	179.933
Lán í JPY	134.606	135.002
Lán í USD	80.611	78.293
Lán í CAD	91.532	76.077
Næsta árs afborganir	(52.146)	(48.309)
Langtímaskuldir 31.12	1.590.045	1.524.503
Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2009		48.309
Árið 2010	52.146	79.137
Árið 2011	85.044	81.572
Árið 2012	87.689	84.153
Árið 2013	90.493	86.889
Árið 2014	93.465	89.789
Síðar	1.233.354	1.102.963
Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir	1.642.191	1.572.812

22. TENGDIR AÐILAR

Tengdir aðilar félagsins eru íslenska ríkið og fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því auk stjórnar félagsins, helstu stjórnenda þess og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Skýringar frh.

23. FÉLÖG Í SAMSTÆÐUNNI

Dótturfélög:	Eignarhlutur	
	2009	2008
Samskipti ehf.	100%	100%
Trönur ehf.	100%	100%

24. ATBURÐIR EFTIR UPPGJÖRSDAG

Í lok janúar 2010 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá félaginu í tengslum við rannsókn á meintri misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Niðurstöður rannsóknar Samkeppniseftirlitsins liggja ekki fyrir þegar ársreikningur félagsins er samþykktur.

25. KENNITÖLUR

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2009	2008
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	2,26	2,29
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn	0,51	0,53
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfé	1,80	1,79
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) í hlutfalli af heildartekjum	8,4%	7,8%
Rekstrarhagnaður (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum	4,1%	3,5%
Arðsemi eigin fjár	3,7%	3,1%

Skýringar frh.

Óendurskoðaðar upplýsingar

26. ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

Árið 2009	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	Samtals
Tekjur af pósthjónustu	1.692.852	1.374.847	1.370.715	1.419.414	5.857.828
Aðrar tekjur	185.862	113.455	124.628	145.476	569.421
	<u>1.878.714</u>	<u>1.488.302</u>	<u>1.495.343</u>	<u>1.564.890</u>	<u>6.427.249</u>
Laun og launat. gjöld	967.706	790.475	807.217	791.965	3.357.363
Beinn kostnaður við póstdreifingu	451.093	432.286	404.692	381.418	1.669.489
Annar rekstrarkostnaður	245.977	193.264	172.000	198.634	809.875
Virðisrýrnun viðskiptavildar	50.000	0	0	0	50.000
	<u>1.714.776</u>	<u>1.416.025</u>	<u>1.383.909</u>	<u>1.372.017</u>	<u>5.886.727</u>
EBITDA	<u>163.938</u>	<u>72.277</u>	<u>111.434</u>	<u>192.873</u>	<u>540.522</u>
Afskriftir og niðurfærslur	(17.766)	(68.962)	(67.452)	(120.032)	(274.212)
EBIT	<u>146.172</u>	<u>3.315</u>	<u>43.982</u>	<u>72.841</u>	<u>266.310</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(51.979)	(36.378)	(29.458)	(19.736)	(137.551)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	94.193	(33.063)	14.524	53.105	128.759
Tekjuskattur	(21.440)	4.082	(2.467)	(16.628)	(36.453)
Hagnaður (tap)	<u>72.753</u>	<u>(28.981)</u>	<u>12.057</u>	<u>36.477</u>	<u>92.306</u>
Árið 2008					
Tekjur af pósthjónustu	1.740.159	1.394.385	1.478.575	1.475.791	6.088.910
Aðrar tekjur	145.410	132.001	163.369	143.297	584.077
	<u>1.885.569</u>	<u>1.526.386</u>	<u>1.641.944</u>	<u>1.619.088</u>	<u>6.672.987</u>
Laun og launatengd gjöld ...	986.842	830.997	931.147	911.678	3.660.664
Beinn kostnaður við póstdreifingu	500.394	400.405	403.855	375.447	1.680.101
Annar rekstrarkostnaður	209.415	197.105	210.493	193.354	810.367
	<u>1.696.651</u>	<u>1.428.507</u>	<u>1.545.495</u>	<u>1.480.479</u>	<u>6.151.132</u>
EBITDA	<u>188.918</u>	<u>97.879</u>	<u>96.449</u>	<u>138.609</u>	<u>521.855</u>
Afskriftir	(98.384)	(58.951)	(66.673)	(66.716)	(290.724)
EBIT	<u>90.534</u>	<u>38.928</u>	<u>29.776</u>	<u>71.893</u>	<u>231.131</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(66.715)	(46.518)	(46.478)	22.172	(137.539)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	23.819	(7.590)	(16.702)	94.065	93.592
Tekjuskattur	(14.098)	836	13.595	(15.032)	(14.699)
Hagnaður (tap)	<u>9.721</u>	<u>(6.754)</u>	<u>(3.107)</u>	<u>79.033</u>	<u>78.893</u>

LÁTTU PÓSTINN KOMA ÞVÍ TIL SKILA





Iceland Post

Iceland's Ministry of Finance holds shares in Iceland Post, which is a profit state-owned limited company. The postal service in Iceland falls under the supervision of the Ministry of Transport, Communications and Local Government and the Post & Telecom Administration, which itself works under the Ministry. Both co-operate to ensure the regulation of—and improvements to—the Icelandic postal service. Postal laws in Iceland, and the rules built on them, are based on European Union postal service directives.

Iceland Post is owned by everyone in Iceland. It is therefore the role of Iceland Post's staff to return the company owners a profit while building on the business's value. This is achieved by carefully monitoring market needs for changing services in a changing society and by running the company in the most efficient manner possible.

Roughly half of Iceland Post's revenue today comes from 'letter post'; which includes letters, newspapers, magazines and direct marketing materials. A noticeable proportion of deliveries have moved from physical paper postage over to electronic means in recent years; and it seems likely this trend will continue. Much of the future electronic shift is expected to be in the form of invoices, statements and other information related to trade and finance. At the same time as the volume of post has been decreasing, the cost of transporting and delivering it has increased sharply. Iceland Post needs to react decisively to these developments and a great deal of work has been taking place to increase productivity and reduce costs.

Many demands are placed on Iceland Post. The company has to maintain a regular postal service across the entire country by law and working licence – but the number of letters is falling and customers call for more efficient delivery solutions, lower prices and an ever widening product selection. At the same time, the company must return profits from operations and investments to the state. On top of all these pressures, Iceland Post's inland monopoly on letters under 50g is due to be removed on 1st January 2011, which could mean massive changes to the company's working environment and organisational foundations.

To meet these increased pressures, a changing business environment, and to minister to its role in the best way possible for all stakeholders, Iceland Post has been putting even more emphasis on business development, product development and working processes in recent months. Optimisation has been the buzzword in the day-to-day running of the business. The aim of Iceland Post's business optimisation is to achieve better efficiency in the system all the way from collection and sorting to final delivery. At each stage it is important to ascertain if the most efficient processes are in effect every time and if it is possible to change product supply, service or working processes to improve on that efficiency both for customers and for the company.

Development and new markets

To ensure the continued robust operation of the company and the resultant robust postal service able to deal with pressures and challenges from customers and else-

where, it is important to develop the operations of Iceland Post in a strategic manner.

Over the last year a raft of new business developments have taken place within Iceland Post, including increased concentration on electronic communication media, online stores and other innovations connected to current and future business.

Business market

Iceland Post has an important role to play in Iceland's general economy by ensuring that business letters arrive and moving physical goods for companies and organisations all over the country. Iceland Post makes sure that other businesses' communication with their customers and suppliers goes quickly and smoothly. "Iceland Post insures connections". Roughly 80% of Iceland Post revenues come from business customers.

Iceland Post offers services in the fields of delivery, communications and logistics solutions and therefore serves the nation's business community in a variety of ways. For example, Iceland Post can deliver items from small letters to heavy pallets, billing services from telegrams to registered delivery, and publicity and advertising services from targeted mail shots to mass marketing campaigns.

Iceland Post's largest asset is being one of the biggest and most effective delivery networks in Iceland; plus recent years have seen a big push to improve and promote post offices and postal services all over the country – often taking the form of

brand new buildings, renovations for old post offices, co-operation with banks and shops and surface mail. All this is with the aim of providing customers with a better, safer and more reliable service in goods logistics as well as the general postal service.

Universal national service

Iceland Post is the only provider of postal services for letters under 50g; but in accordance with European regulation the monopoly will end at the beginning of 2011. Parallel to this privilege, there is also a universal service obligation on the company. The requirement to charge the same amount for letter deliveries all over the country means that postal service costs are sometimes much higher than the price the sender pays. The cost of this universal service results in an unprofitable market where the cost of the service is higher than the takings from providing it. The cost of the universal service obligation is paid for with profits from the company's monopolised service (letters 0-50g). The company receives no payment from the government for maintaining its universal national service.

Household services

Iceland Post plays an important role in Icelandic society – Iceland Post ensures maintained connections and easy communication between people. The goal of Iceland Post is to offer everybody in Iceland a suitable postal service which answers the needs of society.

Iceland Post delivery staff visit nearly every home in the country five days a week – that's 120,000 individual households. Just

156 customers receive a lesser service – which is only 0.13% of Icelandic homes.

Delivery system

Iceland Post deliveries go to every home in Iceland as the company runs 74 service centres all over the country. 39 of these service centres are privately owned and 35 are run in co-operation with others, such as banks and shops.

In 2005, the Board of Iceland Post took the decision to strengthen the company network in 16 locations across the country as well as conducting robust operations in the Reykjavik capital region. The interaction between these 16 powerful new centres, the transport network and the other smaller workplaces all over the country means that Iceland Post can continue to be a robust and reliable delivery company benefiting everybody in Iceland.

Endorsment and statement by the Board of Directors and the Managing Director

Operations in 2009

The financial statements include the consolidated financial statements of Íslandspóstur hf. and its subsidiaries, Trönur ehf. and Samskipti ehf., both fully owned by the parent company.

